

## Fundargerð 494

Fimmtudaginn 10. desember 2020 kom stjórn Byggðastofnunar saman til fundar. Fundað var með fjarfundarbúnaðinum Teams. Þessir stjórnarmenn sátu fundinn; Magnús B. Jónsson (MBJ) formaður, Gunnar Þorgeirsson (GÞ), Halldóra K. Hauksdóttir (HKH), Heiðbrá Ólafsdóttir (HÓ), Karl Björnsson (KB), María Hjálmarsdóttir (MaH) og Sigríður Jóhannesdóttir (SJ). Auk þeirra sátu fundinn Aðalsteinn Þorsteinsson (AÞ) forstjóri, Arnar Mór Elíasson (AME) forstöðumaður fyrirtækjasviðs, Hjalti Árnason (HÁ) forstöðumaður lögfræðisviðs, Kristján Þ. Halldórsson (KPH) sérfræðingur á þróunarsviði (við dagskrárlið 8), Laufey Skúladóttir (LS) sérfræðingur á þróunarsviði (við dagskrárlið 8), Sigríður Þorgrímsdóttir (SÞ) sérfræðingur á þróunarsviði (við dagskrárlið 8), Sigríður Elín Þórðardóttir (SEÞ) forstöðumaður þróunarsviðs og Magnús Helgason (MH) forstöðumaður rekstrarsviðs sem jafnframt ritaði fundargerð.

Formaður setti fund kl. 9:00 og liggur eftirfarandi dagskrá fyrir fundinum:

1. Fundargerð síðasta fundar - til afgreiðslu
2. Lánamál - til afgreiðslu
  - ...
  - ...
  - ...
  - ...
3. Starfs- og rekstraráætlun 2021 - til afgreiðslu
4. Endurnýjun samnings við KPMG um innri endurskoðun - til afgreiðslu
5. Verklagsreglur um útlánastarfsemi - til umræðu og kynningar
6. Fundargerðir lánanefndar - til kynningar
7. Staða rekstrar og verkefna skv. starfsáætlun - til kynningar
8. Verkefni um rétt íbúa til grunnþjónustu - til kynningar
9. Önnur mál
10. Næsti fundur

### 1. Fundargerð síðasta fundar - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur fundargerð síðasta fundar stjórnar nr. 493.

Formaður bar upp fundargerðina og var hún samþykkt samhljóða.

### 2. Lánamál - til afgreiðslu

...  
...  
...  
...

### 3. Starfs- og rekstraráætlun 2021 - til afgreiðslu

Fyrir fundinum liggur starfs- og rekstraráætlun ársins 2021.

AÞ kynnti áætlunina og breytingar sem orðið hafa orðið á henni frá síðasta fundi. MH, AME og SEÞ fóru yfir rekstraráætlun og verkefni ársins.

MBJ sagðist hafa upplýst aðstoðarmann ráðherra um vaxtahækkun sem samþykkt hafði verið á síðasta fundi stjórnar.

AÐ upplýsti að frumvarp um flutning eftirlits með póstmálum til stofnunarinnar hafi verið í samráðsgátt stjórnarráðsins og að verið væri að vinna úr athugasemdum sem bárust.

Til máls tóku allir stjórnarmenn.

Formaður bar upp starfs- og rekstraráætlun ársins 2021 og var hún samþykkt samhljóða.

#### **4. Endurnýjun samnings við KPMG um innri endurskoðun – til afgreiðslu**

Fyrir fundinum liggur minnisblað forstjóra um endurnýjun samnings um innri endurskoðun sem AÐ kynnti auk samnings Byggðastofnunar og KPMG um innri endurskoðun sem nú er að renna út.

Lagt er til samningur við KPMG um innri endurskoðun fyrir Byggðastofnun verði endurnýjaður fyrir rekstrarárin 2021-2025.

SJ upplýsti að endurskoðunarnefnd hefði fundað um málið og hefði ekki athugasemd við að samningur við KPMG verði endurnýjaður.

Til máls tóku GÐ, KB og HÓ

Formaður bar upp upp tillögu um að samningur við KPMG um innri endurskoðun fyrir Byggðastofnun verði endurnýjaður fyrir rekstrarárin 2021-2025 og var hún samþykkt samhljóða.

#### **5. Verklagsreglur um útlánastarfsemi - til umræðu og kynningar**

Fyrir fundinum liggur minnisblað forstjóra og forstöðumanna fyrirtækja-, lögfræði- og rekstrarsviðs um tillögu til breytingar á Verklagsreglum um útlánastarfsemi. Reglurnar ramma inn verklag og framkvæmd lánveitinga, allt frá umsókn um lán og til útborgunar og innheimtu auk þess að innhalda reglur um störf lánanefndar. Auk þess fylgdu tillögur að breytingum að reglunum. AÐ kynnti efni minnisblaðsins en gert er ráð fyrir að reglurnar og breytingar á þeim verði lagðar fyrir fund stjórnar í janúar nk.

#### **6. Fundargerðir lánanefndar - til kynningar**

Fyrir fundinum liggja fundargerðir lánanefndar nr. 45/20-47/20 sem AME kynnti.

Til máls tóku SJ, MaH, GÐ og AÐ.

#### **7. Staða rekstrar- og verkefna skv. starfsáætlun - til kynningar**

Fyrir fundinum liggur yfirlit yfir stöðu verkefna skv. starfsáætlun. Yfirlit yfir stöðu rekstrar var ekki tilbúið en verður sett inn í fundargátt þegar það liggur fyrir.

AÐ fór yfir stöðu verkefna, m.a. Brothætta byggða, auglýsingu á aukaúthlutun á aflamarki tengdu Bakkafirði, stjórnarsýslukæru vegna flutningsjöfnunar og Eyrarrósina en samningur um verkefnið er útrunninn.

Til máls tóku GÐ og SJ.

#### **8. Verkefni um rétt íbúa til grunnþjónustu - til kynningar**

LS, KPH og SP komu á fundinn undir þessum lið og kynntu verkefni sem stofnunin vinnur að um rétt íbúa til grunnþjónustu.

Til máls tóku MBJ, MaH, SKP, SJ, KPH og SEP.

LS, KPH og SP viku af fundi.

#### **9. Önnur mál**

Svæðisbundin flutningsjöfnun - til kynningar

Fyrir fundinum liggur greinargerð um svæðisbundna flutningsjöfnun til kynningar.

**10. Næsti fundur**

Næsti fundur verður föstudaginn 22. janúar 2021.

Fleira ekki gert og sleit formaður fundi kl. 11:50

Magnús Helgason fundarritari

Magnús B. Jónsson

Gunnar Þorgeirsson

Halldóra Kristín Hauksdóttir

Heiðbrá Ólafsdóttir

Karl Björnsson

María Hjálmarsdóttir

Sigríður Jóhannesdóttir